



Viðskiptaskilmálar fjárfestingarþjónustu

Gildistaka 19. september 2025



Efnisyfirlit

1. Um skilmálana.....	3
2. Um Fossa fjárfestingarbanka hf.....	3
3. Áhætta.....	3
4. Hagsmunaárekstrar.....	4
5. Upplýsingagjöf viðskiptavinar.....	4
6. Flokkun viðskiptavina	5
7. Fjárfestingarráðgjöf og eignastýring.....	5
8. Móttaka og miðlun fyrirmæla.....	7
9. Upplýsingar til viðskiptavinar	8
10. Upptaka símtala og skjölun	9
11. Framkvæmd og uppgjör viðskipta með fjármálagerninga	9
12. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuna, safnskráning, o.fl.	11
13. Tryggingar	12
14. Þóknanir og gjöld	13
15. Skuldajöfnuður.....	13
16. Vanefnd og gjaldfellingarheimildir.....	14
17. Uppsögn.....	15
18. Skattar.....	16
19. Ábyrgð.....	16
20. Breytingar á skilmálunum.....	17
21. Ýmis ákvæði.....	17



1. Um skilmálana

- 1.1. Viðskiptaskilmálar þessir (hér eftir „skilmálarnir“ eða „viðskiptaskilmálarnir“) gilda um fjárfestingarþjónustu og viðbótarþjónustu, eins og þau hugtök eru skilgreind í lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga (hér eftir sameiginlega „fjárfestingarþjónusta“), sem Fossar fjárfestingarbanki hf. (hér eftir „Fossar“, „félagið“ eða „bankinn“) veitir viðskiptavini samkvæmt starfsheimildum sínum. Skilmálarnir gilda einnig um fjárfestingarstarfsemi Fossa, eins og það hugtak er skilgreint í lögum, eftir því sem við getur átt.
- 1.2. Viðskiptavinur telst hafa samþykkt skilmálana með bindandi hætti þegar hann óskar eftir eða nýtir sér fjárfestingarþjónustu Fossa með einhverjum hætti. Sérstakir skilmálar og samningar kunna að gilda samhliða skilmálum þessum. Fossar geta krafist þess að viðskiptavinur undirriti eða samþykki aðra sértæka skilmála eða samninga áður en þjónusta er veitt á grundvelli þessara skilmála eða vegna annarrar þjónustu sem fellur ekki undir skilmála þessa. Ef ósamræmi er milli skilmála þessara og ákvæða annarra samninga og skilmála Fossa um sérgreind viðskipti skulu skilmálar þessir víkja. Þá gilda almennir viðskiptaskilmálar Fossa einnig um réttarsamband viðskiptavinar við bankann og eru þessum skilmálum til fyllingar.
- 1.3. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur sem gilda um þjónustu samkvæmt skilmálum þessum á hverjum tíma og afla sér ráðgjafar eftir þörfum.
- 1.4. Viðskiptaskilmálarnir, sem í gildi eru hverju sinni, eru aðgengilegir á heimasíðu Fossa (www.fossar.is).

2. Um Fossa fjárfestingarbanka hf.

- 2.1. Aðsetur Fossa fjárfestingarbanka hf., kt. 660907-0250, er að Ármúla 3, 108 Reykjavík og er símanúmer Fossa (+354) 522 4000 og netfang info@fossar.is. Almennar upplýsingar um Fossa má nálgast á heimasíðu félagsins www.fossar.is og í almennum viðskiptaskilmálum. LEI auðkenni Fossa er 529900TOSDZCXS5QS72.
- 2.2. Fossar hafa starfsleyfi sem lánaþyrftæki, sem veitt er af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík, (netfang: sedlabanki@sedlabanki.is) og sætir eftirliti þess samkvæmt lögum nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.
- 2.3. Fossar eru hluti af samstæðu Skaga hf., kt. 690689-2009 (hér eftir „Skagi“).

3. Áhætta

- 3.1. Viðskiptavini er ljóst að fjárfesting og viðskipti með fjármálagerninga eru áhættusöm í eðli sínu. Viðskiptavini er bent á að varhugavert er að skuldbinda sig með samningi eða eiga viðskipti án þess að hafa fullan skilning á eðli og umfangi áhættunnar sem í því felst. Viðskiptavini er ráðlagt að miða fyrirhugaða fjárfestingu út frá þekkingu og reynslu sinni í tengslum við fjármálagerninga, fjárhagsstöðu sína og fjárfestingamarkmið.
- 3.2. Með samþykki skilmála þessara lýsir viðskiptavinur því yfir að hann hafi, með fullnægjandi hætti, kynnt sér þá áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu sem hann óskar eftir að



Fossar framkvæmi fyrir sig og/eða fyrir sína hönd og gera Fossar ráð fyrir því að viðskiptavinur kynni sér áhættu og eðli þeirra fjármálagerninga sem um ræðir áður en stofnað er til viðskipta. Viðskiptavinur staðfestir að hann hafi kynnt sér og skilið yfirlit yfir áhættu sem fylgir þeirri fjárfestingarþjónustu og fjármálagerningum sem er að finna á heimasíðu Fossa. Viðskiptavinur getur óskað eftir að fá yfirlitið sent til sín með bréfpósti.

- 3.3. Viðskiptavini er ljóst að hann ber alla áhættu af og ábyrgð á öllum viðskiptum sem framkvæmd eru af hálfu Fossa fyrir hans hönd, óháð því hvort upplýsingar, ráðgjöf eða ráðleggingar hafi verið veittar af hálfu bankans.

4. Hagsmunaárekstrar

- 4.1. Þær aðstæður geta skapast að hagsmunir Fossa eða starfsfólks félagsins stangast á við hagsmuni viðskiptavinar eða að hagsmunir viðskiptavinar séu ósamrýmanlegir hagsmunum annarra viðskiptavina Fossa. Bankinn hefur sett sér stefnu og reglur um hagsmunaárekstra til að greina, koma í veg fyrir og takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingarþjónustu. Reglur Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum eru aðgengilegar á vefsíðu bankans (www.fossar.is).
- 4.2. Viðskiptavini er ljóst að Fossar eru sjálfir útgefandi fjármálagerninga og geta jafnframt haft nán tengsl við útgefendur fjármálagerninga eða aðra aðila sem dreifa þeim, svo sem félög innan samstæðu Skaga. Slíkri stöðu geta fylgt eðlislægir hagsmunaárekstrar þar sem hætta er á að dregið sé úr óhæði þeirrar ráðgjafar sem veitt er viðskiptavini og varðar fjármálagerninga sem gefnir eru út eða dreift af þessum aðilum, eða annarrar þjónustu. Upplýst verður um aðila sem Fossar hafa nán tengsl við í þessum skilningi á heimasíðu bankans raungerist sú staða.
- 4.3. Fossar gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greina og koma í veg fyrir eða takast á við hagsmunaárekstra. Skipulag bankans, aðskilnaður starfssviða og trúnaðarskyldur starfsmanna koma í veg fyrir að starfsmenn sem eru í samskiptum við viðskiptavini fái óviðkomandi upplýsingar, m.a. upplýsingar sem gætu valdið hagsmunaárekstrum.
- 4.4. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir því að Fossar eða tengdir aðilar kunna að vera gagnaðilar í viðskiptum með fjármálagerninga og framkvæmt viðskipti á markaði fyrir aðra viðskiptavini á sama tíma. Jafnframt er viðskiptavini kunnugt um að hagsmunir hans kunna að vera ólíkir hagsmunum annarra viðskiptavina Fossa eða bankans sjálfs. Fossar geta ekki ábyrgst að slíkir hagsmunir muni ekki hafa áhrif á ávöxtun eða tap af viðskiptum viðskiptavina.

5. Upplýsingagjöf viðskiptavinar

- 5.1. Viðskiptavinur skal hvenær sem Fossar óska þess, afhenda Fossum hverjar þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar, eða þær eru ófullkomnar eða óljósar, áskilja Fossar sér rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu. Viðskiptavinur skal uppfæra framangreindar upplýsingar sem hann veitir Fossum, eftir því sem tilefni gefst til.



6. Flokkun viðskiptavina

- 6.1. Samkvæmt lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga ber bankanum skylda til að flokka viðskiptavini sína í almenna fjárfesta, fagfjárfesta eða viðurkennda gagnaðila við upphaf viðskiptasambands. Flokkun er framkvæmd á grundvelli laga og reglna Fossa um flokkun viðskiptavina, sem birtar eru á heimasíðu Fossa, og byggir á þeim upplýsingum sem viðskiptavinur veitir. Fossar tilkynna viðskiptavini um flokkun, rétt hans til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess.
- 6.2. Viðskiptavini er ljóst að Fossar geta hugsanlega ekki veitt umbeðna fjárfestingarþjónustu ef viðskiptavinur veitir ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar sem varða flokkun hans. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að upplýsa Fossa skriflega um breytingar sem geta haft áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.
- 6.3. Viðskiptavinur getur óskað eftir því að flokkun sinni verði breytt.
 - 6.3.1. Fagfjárfestir sem vill verða flokkaður sem almennur fjárfestir, hvort sem er almennt eða með tilliti til tiltekinna viðskipta, þjónustu, fjármálagernings eða afurðar, skal gera skriflegt samkomulag við Fossa um að hann verði ekki flokkaður sem fagfjárfestir.
 - 6.3.2. Almennir fjárfestar sem óska eftir að Fossar flokki þá sem fagfjárfesta þurfa að uppfylla skilyrði sem bundin eru í lög. Fossum skal tilkynnt skriflega um slíka ósk þar sem tiltekið er hvort farið er fram á slíka stöðu almennt eða vegna einstakra viðskipta eða tegundar viðskipta. Þá verður viðskiptavinur að lýsa því yfir að honum sé kunnugt um afleiðingar þess að missa þá réttarvernd sem hann kann að verða af.
 - 6.3.3. Fossum er heimilt að eigin frumkvæði að flokka viðurkenndan gagnaðila eða fagfjárfesti sem almennan fjárfesti. Að sama skapi er bankanum heimilt að flokka viðurkenndan gagnaðila sem fagfjárfesti. Viðurkenndir gagnaðilar þurfa að samþykkja að farið sé með þá sem slíka áður en viðskipti eru framkvæmd.
- 6.4. Fossum er heimilt að ganga út frá því að fagfjárfestar og viðurkenndir gagnaðilar búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að leggja sjálfstætt mat á þjónustu Fossa og áhættu sem henni fylgir og að þeir séu fjárhagslega færir um að bera alla fjárfestingaráhættu sem samræmast fjárfestingarmarkmiðum hans. Viðurkenndir gagnaðilar njóta lakari fjárfestaverndar en fagfjárfestar.

7. Fjárfestingarráðgjöf og eignastýring

- 7.1. Viðskiptavinur getur óskað eftir því að Fossar veiti fjárfestingarráðgjöf, þ.e. persónulega ráðleggingu í tengslum við fjármálagerninga, eða eignastýringu, sem felst í því að bankinn stjórnar eignasafni viðskiptavinar í samræmi við fyrir fram ákveðna fjárfestingarstefnu. Skriflegur samningur á milli viðskiptavinar og Fossa skal liggja til grundvallar fjárfestingarráðgjafar og eignastýringarþjónustu.
- 7.2. Fossar veita ekki fjárfestingarráðgjöf nema fyrir liggi skriflegur samningur um slíka þjónustu. Öll sjónarmið sem Fossar og starfsmenn bankans kunna að láta í ljós, munnlega eða skriflega, um efnahagshorfur, hugmyndir, tillögur, markaðsaðstæður, almennar ráðleggingar eða aðrar



slíkar upplýsingar sem miðlað er til viðskiptavinar eru aðeins veittar í upplýsingaskyni og fela undir engum kringumstæðum í sér fjárfestingarráðgjöf til viðskiptavinar.

- 7.3. Áður en fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta er veitt ber Fossum að meta hæfi viðskiptavinar. Fossar afla þá upplýsinga frá viðskiptavini um þekkingu hans og reynslu, fjárhagsstöðu og fjárfestingarmarkmið. Upplýsinganna er m.a. aflað með því að leggja spurningalista fyrir viðskiptavin sem honum ber að svara eftir bestu vitund. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem viðskiptavinur veitir meta Fossar hvort vara eða þjónusta hæfi viðskiptavini. Viðskiptavinir skulu upplýsa Fossa skriflega um breytingar sem kunna að verða á veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á mat á hæfi hans.
- 7.4. Hvenær sem Fossar óska þess skal viðskiptavinur afhenda bankanum þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla, og er heimilt að leggja þær upplýsingar sem viðskiptavinur veitir til grundvallar mati á hæfi. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar, eða þær eru ófullkomnar eða óljósar, áskilja Fossar sér þó rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu eða framkvæma athuganir og afla frekari gagna sem bankinn telur þörf á til að ganga úr skugga um að upplýsingarnar séu áreiðanlegar. Bankinn ber enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða ef viðskiptavinur veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar, m.a. ef það veldur því að Fossar veiti viðskiptavini ráðgjöf sem hentar honum ekki. Fossar kunna að fara fram á frekari upplýsingar frá viðskiptavini, ef þörf þykir. Viðskiptavinir gera sér grein fyrir að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf gerir Fossum ókleift að meta hvort fjárfestingarþjónusta eða fjármálagerningur sé hæfilegur. Þegar um fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringu er að ræða er ekki unnt að veita viðskiptavini þjónustu fyrr en fullnægjandi upplýsingar hafi verið veittar.
- 7.5. Þegar Fossar veita fjárfestingarráðgjöf til almennra fjárfesta verður afhent hæfisskýrsla, sem hefur að geyma upplýsingar um hvaða fjárfestingarráðgjöf hefur verið veitt og hvernig hún samræmist áherslum, markmiðum og þörfum þeirra. Við fjarsölu, þegar ómögulegt er að afhenda hæfismatsskýrslu fyrir fram, er Fossum heimilt, með samþykki viðskiptavinar, að afhenda skýrsluna um leið og viðskipti hafa verið framkvæmd. Með samþykki þessa skilmála samþykkir viðskiptavinur slíka tilhögun við afhendingu hæfisskýrslu við fjarsölu.
- 7.6. Fossar munu ekki framkvæma reglubundið mat á því hvort fjármálagerningar, sem mælt hefur verið með, hæfi viðskiptavini, nema um það sé sérstaklega samið eða samkvæmt lagaskyldu.
- 7.7. Fjárfestingarráðgjöf Fossa telst ekki óháð fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, þar sem fjárfestingarráðgjöfin byggir ekki á viðtækri greiningu á ólíkum tegundum fjármálagerninga. Viðskiptavinur gerir sér grein fyrir að Fossar eru útgefandi fjármálagerninga og geta auk þess verið í nánnum tengslum við útgefendur fjármálagerninga eða aðra aðila sem láta í té fjármálagerninga. Ráðgjöfin kann þannig í einhverjum tilvikum að vera takmörkuð við fjármálagerninga sem eru gefnir út af eða látnir í té af aðila með nán tengsl eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við Fossa, svo sem á grundvelli samnings, sem dregið getur úr óháði ráðgjafarinnar. Lista yfir þá aðila sem Fossar hafa nán tengsl við í þessum skilningi hverju sinni er að finna á heimasíðu bankans www.fossar.is. Nánari upplýsingar má finna í reglum Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum.
- 7.8. Þá felur háð ráðgjöf í sér að Fossar kunna við framkvæmd einstakra fyrirmæla frá viðskiptavini og/eða í tengslum við þjónustu Fossa við viðskiptavin, að taka við og halda eftir þóknunum, umboðslaunum eða öðrum fjárhagslegum eða ófjárhagslegum ávinningi sem þriðji aðili (t.d.



innlendir eða erlendir sjóðir sem Fossar eru í samstarfi við) greiðir eða lætur Fossum í té. Þegar svo ber við tryggja Fossar þó ávallt að slíkur fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ávinningur sé til þess fallinn að efla gæði þjónustu bankans við viðskiptavin og komi ekki í veg fyrir að Fossar starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku, í samræmi við hagsmuni viðskiptavinar, samkvæmt samningi þessum og reglum bankans um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, sem má nálgast á vefsíðu Fossa, www.fossar.is.

- 7.9. Með samþykki á skilmálum þessum staðfestir viðskiptavinur að hann sé upplýstur um að fjárfestingarráðgjöf Fossa sé háð og að hann geri sér grein fyrir þýðingu þess.

8. Móttaka og miðlun fyrirmæla

Mat á tilhlýðileika

- 8.1. Áður en Fossar veita viðskiptavini þjónustu sem felst í móttöku, miðlun eða framkvæmd viðskiptafyrirmæla þá aflar bankinn almennt upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar á sviði fjárfestinga sem skipta máli fyrir viðkomandi tegund vöru eða þjónustu. Tilgangur upplýsingaöflunar tilhlýðileikamats er að gera Fossum kleift að aðhafast með hagsmuni viðskiptavinarins að leiðarljósi.
- 8.2. Upplýsinganna er m.a. aflað með því að leggja spurningalista fyrir viðskiptavin sem honum ber að svara eftir bestu vitund. Viðskiptavinir skulu upplýsa Fossa skriflega um breytingar á veittum upplýsingum sem geta haft áhrif á mat á tilhlýðileika. Telji Fossar viðkomandi viðskiptavin ekki búa yfir þeirri þekkingu og reynslu sem nauðsynleg er til að geta skilið þá áhættu sem felst í viðkomandi vöru eða þjónustu mun bankinn senda viðskiptavini viðvörun þess efnis. Vilji viðskiptavinur eiga viðskiptin þrátt fyrir viðvörun bankans, gerir hann það á eigin ábyrgð. Fossar áskilja sér rétt í einstaka tilfellum til að neita að hafa milligöngu um viðskipti eða þjónustu sem eru ekki tilhlýðileg fyrir viðskiptavin.
- 8.3. Hvenær sem Fossar óska þess skal viðskiptavinur afhenda bankanum þær upplýsingar sem félagið telur nauðsynlegt að afla, og er heimilt að leggja þær upplýsingar sem viðskiptavinur veitir til grundvallar mati á tilhlýðileika. Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar, eða þær eru ófullkomnar eða óljósar, áskilja Fossar sér rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu eða framkvæma athuganir og afla frekari gagna sem bankinn telur þörf á til að ganga úr skugga um að upplýsingarnar séu áreiðanlegar. Viðskiptavinir gera sér grein fyrir að röng eða ófullnægjandi upplýsingagjöf gerir Fossum ókleift að meta hvort fjárfestingarþjónusta eða fjármálagerningur sé tilhlýðilegur. Bankinn ber enga ábyrgð á tjóni sem kann að verða af slíkri rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf viðskiptavinar.
- 8.4. Fossum er ekki skylt að meta hvort einstök viðskipti séu tilhlýðileg út frá þekkingu og reynslu viðskiptavinar þegar um er að ræða framkvæmd eða móttöku og miðlun fyrirmæla um viðskipti með einfalda fjármálagerninga sem veitt er að frumkvæði viðskiptavinar. Viðskiptavinur nýtur því ekki samsvarandi verndar viðeigandi reglna um viðskiptahætti í þessum tilfellum.

Form og efni fyrirmæla

- 8.5. Fyrirmæli um viðskipti með fjármálagerninga skulu vera skýr og auðskiljanleg og innihalda fullnægjandi upplýsingar til að Fossar geti veitt þjónustuna sem um ræðir. Viðskiptavinur ber alla ábyrgð á og áhættu af fyrirmælum til Fossa. Fossar áskilja sér rétt til að miðla hvorki né framkvæma fyrirmæli sem eru ófullnægjandi að mati bankans.



- 8.6. Fossum er að jafnaði óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma fyrirmæli ef viðskiptavinur, sem er lögaðili, hefur ekki fengið útgefið LEI auðkenni (e. *Legal Entity Identifier*) eða hefur ekki gefið upp LEI auðkenni sitt. Viðskiptavinur skal tilkynna Fossum um LEI auðkenni sitt við upphaf viðskiptasambands og einnig um allar breytingar tengdar LEI auðkenni sínu. Fossum er óheimilt að móttaka og miðla eða framkvæma tiltekin viðskipti án þess að viðskiptavinur gefi upp einstaklingsauðkenni, sem ræðst af ríkisfangi einstaklings.
- 8.7. Beiðni um viðskipti er skuldbindandi fyrir viðskiptavin frá þeim tíma sem hún er móttækin af Fossum nema um annað sé sérstaklega samið.
- 8.8. Fyrirmælum sem berast frá viðskiptavinum er miðlað og þau framkvæmd í samræmi við reglur bankans um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla, sem gilda fyrir viðskipti almennra fjárfesta og fagfjárfesta og í samræmi við flokkun viðskiptavinar. Reglur Fossa um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla má nálgast á vefsíðu bankans.
- 8.9. Viðskiptavini er frjálst að mæla sérstaklega fyrir um tiltekna framkvæmd viðskiptafyrirmæla og Fossar munu þá að leitast við að veita þjónustu í samræmi við fyrirmæli viðskiptavinar. Um framkvæmd fyrirmæla gilda reglur þess viðskiptastaðar þar sem viðskipti eru framkvæmd og ber viðskiptavini að hlíta þeim, eins og við getur átt.

Samningar

- 8.10. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að samþykkja samninga, viðskiptanótur, staðfestingar eða yfirlit við Fossa innan tveggja daga frá dagsetningu þeirra með undirritun sinni eða með samþykki á varanlegum miðli. Ef viðskiptavinur gerir ekki athugasemd við efni skjalanna innan tveggja daga er Fossum heimilt að líta þannig á að samningar, viðskiptanótur, staðfestingar eða yfirlit hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða, og þau samþykkt af hálfu viðskiptavinar.

Réttindi og skyldur Fossa

- 8.11. Samþykki starfsmanna Fossa þarf fyrir miðlun og framkvæmd allra viðskipta og geta Fossar einhliða fallist á eða hafnað beiðni um viðskipti, m.a. ef fyrirmæli viðskiptavinar eru torskilin, óljós eða þau fara gegn lögum að mati Fossa, án frekari skýringa. Þá er Fossum jafnframt heimilt að takmarka fjölda og fjárhæð þeirra viðskipta sem félagið samþykkir að annast.
- 8.12. Fossar áskilja sér rétt til að afturkalla fyrirmæli sem bankinn telur sett fram í ólögmætum tilgangi, bersýnilegri villu, broti á lögum eða reglum eða tæknilegum truflunum. Fossar bera ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þessa.
- 8.13. Fossar hafa enn fremur heimild til að krefjast allra þeirra gagna, upplýsinga eða trygginga sem Fossar telja fullnægjandi fyrir viðskiptum.

9. Upplýsingar til viðskiptavinar

- 9.1. Upplýsingar um áætlaðan kostnað og tengd gjöld vegna fjárfestingarþjónustu eru aðgengilegar á vefsíðu Fossa og eftir atvikum sérstaklega afhentar viðskiptavini á varanlegum miðli áður en þjónusta er veitt.
- 9.2. Þegar fjárfestingarþjónusta hefur verið innt af hendi munu Fossar senda yfirlit eða annars konar staðfestingu á viðskiptum til viðskiptavinar, eins og við á og eftir því sem lög kveða á um.



- 9.3. Fossar munu hafa tiltækt yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga, sem er ekki tilkominn vegna undirliggjandi markaðsáættu. Þegar svo er kveðið á í lögum verður yfirlit látið viðskiptavini í té með reglubundnum hætti á líftíma fjárfestingarinnar.
- 9.4. Hafi viðskiptavinur ekki gert skriflegar athugasemdir við viðskiptanótu eða yfirlit innan tveggja (2) daga frá dagsetningu þeirra líta Fossar svo á að þau hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Komi villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning send þess efnis.
- 9.5. Ákveði Fossar að framkvæma ekki fyrirmæli viðskiptavinar eða afturkalla fyrirmæli munu Fossar leitast við að tilkynna viðskiptavini um það eins fljótt og unnt er.

10. Upptaka símtala og skjölun

- 10.1. Fossar kunna að skrá eða taka upp og varðveita öll símtöl og hvers konar rafræn samskipti við viðskiptavin sem varða fjárfestingarþjónustu, í samræmi við lög. Slík gögn eru varðveitt af Fossum eins lengi og lög kveða á um en er almennt eytt að þeim tíma liðnum. Gögnin eru aðgengileg samkvæmt beiðni í fimm ár og, fari fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands þess á leit, í allt að sjö ár.
- 10.2. Fossum kann að vera skylt að afhenda eða veita aðgang að upptökum símtala og öðrum gögnum sem varða þjónustu við viðskiptavini.
- 10.3. Viðskiptavinur samþykkir að upptökur og önnur gögn verði lögð fram í dómsmáli og að öðru leyti notuð til sönnunar ef upp kemur ágreiningur á milli Fossa og viðskiptavinar. Að öðru leyti verður farið með slík gögn á sama hátt og aðrar upplýsingar um viðskiptavin sem lúta þagnarskyldu samkvæmt lögum.

11. Framkvæmd og uppgjör viðskipta með fjármálagerninga

- 11.1. Með samþykki skilmála þessara veitir viðskiptavinur Fossum umboð til að gera þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til þess að framselja fjármálagerninga í sínu nafni, í samræmi við viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar eða skilmála þessa að öðru leyti, í samræmi við ákvæði laga og reglna um skráningu og framsal verðbréfa og annarra fjármálagerninga þannig eigi sé þörf á atbeina viðskiptavinar. Neiti viðskiptavinur um slíka ráðstöfun er Fossum heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 11.2. Óski viðskiptavinur eftir sölu á fjármálagerningi sem er í vörslum viðskiptavinar sjálfs eða þriðja manns er viðskiptavini skylt að tryggja að umræddur fjármálagerningur berist Fossum til vörslu eins fljótt og auðið er en í öllu falli áður en viðskipti skulu gerð upp. Fjármálagerningur telst afhentur Fossum þegar hann er aðgengilegur félaginu til ráðstöfunar. Fossar eiga rétt á staðfestingu þess efnis að viðskiptavinur sé eigandi eða geti afhent umræddan fjármálagerning.
- 11.3. Í tilvikum þar sem Fossar hafa ekki fengið nauðsynlegan ráðstöfunarrétt yfir fjármálagerningi þegar uppgjör á að fara fram skulu Fossar hafa fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa fjármálagerning á markaðskjörum eða taka að láni viðeigandi fjármálagerning á markaðskjörum í því skyni að annast viðskipti og gera þau upp við kaupanda fjármálagernings, í samræmi við upphafleg fyrirmæli frá viðskiptavini. Viðskiptavinur ábyrgist



að framangreindar ráðstafanir séu algjörlega skaðlausar fyrir Fossa og að hann greiði allan kostnað, þóknanir og útgjöld tengd slíkum viðskiptum. Fossum er heimilt en aldrei skylt að grípa til ráðstafana samkvæmt þessari málsgrein.

- 11.4. Viðskiptavinur skal bæta Fossum það tjón sem hlýst af töfum vegna afhendingar fjármálagerninga, þar á meðal vegna sekta sem viðkomandi viðskiptavettvangur, opinber aðili eða annar þriðji aðili kann að leggja á Fossa eða vegna krafna annarra aðila sem kunna að eiga bótarétt á hendur Fossum í kjölfar vanefnda viðskiptavinar á skyldum sínum.
- 11.5. Við kaup fjármálagerninga skuldbindur viðskiptavinur sig til að eiga, á uppgjörssdegi, innstæðu á skuldfærslureikningi sínum hjá Fossum, eða þeim reikningi sem hann vísar til, sem nemur kaupverði fjármálagerninga, auk kostnaðar og hvers konar skatta. Að sama skapi skal viðskiptavinur sem er seljandi í viðskiptum með fjármálagerninga afhenda viðkomandi fjármálagerninga til Fossa í tæka tíð fyrir uppgjör. Viðskiptavinur ábyrgist allt það tjón sem Fossar kunna að verða fyrir sökum þess að fjármálagerningur eða fjármunir samkvæmt framangreindu eru ekki til staðar.
- 11.6. Fossar hafa haldsrétt í þeim fjármálagerningum og fjármunum sem eru í vörslu Fossa fyrir greiðslum sem bankinn kann að eiga rétt á frá viðskiptavini vegna viðskipta með fjármálagerninga og eru gjaldfallnar.
- 11.7. Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum á gjaldfellingardegi, er Fossum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar hjá Fossum í þeim gjaldmiðli sem krafan er í og gera þannig upphaflegu kröfuna upp. Hið sama gildir um reikninga viðskiptavinar sem Fossar hafa stofnað hjá þriðja aðila vegna fjárfestingarþjónustu viðskiptavinar.
- 11.8. Fari uppgjör ekki fram á uppgjörssdegi vegna atvika sem varða viðskiptavin er um verulega vanefnd að ræða og er Fossum þá m.a. heimilt að ráðstafa keyptum fjármálagerningi eða öðrum þeim fjármálagerningum sem viðskiptavinur varslar hjá Fossum upp í skuld viðskiptavinar með þeim hætti sem bankinn telur við hæfi, Fossum að kostnaðarlausu. Komi til þess að Fossar beiti framangreindum rétti eignast bankinn kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupvirði umræddra fjármálagerninga og söluverði auk kostnaðar, hverju nafni sem nefnist. Viðskiptavinur ber áhættuna af gengisbreytingum umræddra fjármálagerninga. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir og ber að endurgreiða Fossum hvers konar kostnað sem kann að leggjast á bankann vegna slíks uppgjörsbrests, og bæta allt það tjón sem bankinn kann að verða fyrir vegna þessa. Í þeim tilgangi er Fossum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar.
- 11.9. Fossum er heimilt að liðka fyrir uppgjöri viðskipta vegna vanefnda viðskiptavinar, með því að leggja tímabundið til fjármuni eða fjármálagerninga í því skyni að standa við uppgjör viðskiptanna gagnvart mótaðila viðskiptavinar. Skal viðskiptavinur þá endurgreiða bankanum slíka fyrirgreiðslu án tafar, með dráttarvöxtum í samræmi við grein 16.7 og 16.8 krefjast Fossar þess, fyrir hvern dag sem líður fram að endurgreiðslu lánsins. Viðskiptavinur er ábyrgur fyrir og ber að endurgreiða Fossum hvers konar kostnað sem kann að leggjast á bankann vegna framangreinds, og bæta allt það tjón sem bankinn kann að verða fyrir vegna þessa. Í þeim tilgangi er Fossum heimilt að skuldfæra reikning viðskiptavinar.
- 11.10. Þegar viðskiptavinur, sem er seljandi, afhendir ekki þann fjármálagerning sem í hlut á við uppgjör er Fossum heimilt að bjóða þriðja aðila að ganga inn í viðskiptin og afhenda þann fjármálagerning sem um ræðir (e. *buy-in*). Við slíkar aðstæður greiðir viðskiptavinur Fossum



þann mismun sem kann að vera á milli umsamins söluverðs fjármálagerningsins og þess verðs sem Fossar þurfa að greiða þriðja aðila vegna framangreinds.

- 11.11. Sé þörf á atbeina viðskiptavinar í tengslum við uppgjör skal hann gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni. Veiti viðskiptavinur ekki liðsinni er Fossum heimilt að leita til sýslumanns eða héraðsdóms til að framkvæma það sem viðskiptavinur gerir ekki.

12. Varðveisla fjármálagerninga og fjármuna, safnskráning, o.fl.

Almennt

- 12.1. Fossar halda skrár yfir alla þjónustu sem bankinn veitir og öll viðskipti sem hann hefur milligöngu um á sviði viðskipta með fjármálagerninga.
- 12.2. Við yfirfærslu eigna til Fossa eða við stofnun viðskipta við Fossa er vörslureikningur opnaður í nafni viðskiptavinar á grundvelli þessara skilmála og samninga við viðskiptavin, nema samkomulag sé um annað. Fossar, eða félag sem Fossar útvista vörsluþjónustu til, munu gegna hlutverki vörsluaðila í samræmi við ákvæði þessara skilmála og samninga við viðskiptavin.
- 12.3. Fossar skulu tryggja að eignir viðskiptavinar séu aðgreindar frá eignum Fossa og tryggja, eftir bestu getu, að þeim sé haldið frá kröfuhöfum Fossa.
- 12.4. Berist fjármálagerningar beint til viðskiptavinar sem eiga að vera í vörslu Fossa samkvæmt umboði eða samningi þar um, ber viðskiptavini að tilkynna bankanum og koma fjármálagerningunum í vörslu Fossa án tafar. Skili viðskiptavinur ekki til Fossa fjármálagerningi sem hann fær sendan til sín, en hefur keypt fyrir milligöngu Fossa og á að vera í vörslu bankans, þá munu Fossar fjarlægja hann af vörslureikningi hans hjá fyrirtækinu.
- 12.5. Yfirfærsla réttinda yfir fjármálagerningi til viðskiptavinar skal framkvæmd og skráð af Fossum í samræmi við eðli fjármálagernings og ákvæði laga nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu fjármálagerninga og reglugerðir sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga nema lög, reglur, eðli fjármálagernings eða sérstakur skriflegur samningur kveði á um annað. Fossar koma í slíkum tilvikum fram sem reikningsstofnun gagnvart viðskiptavini í skilningi þeirra laga.
- 12.6. Fossar eru aðili að Tryggingasjóði innstæðueigenda og fjárfesta, sbr. 3. gr. laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, en sjóðurinn tryggir innstæður, fjármálagerninga og reiðufé með ákveðnum undantekningum. Nánari upplýsingar um sjóðinn og útgreiðslureglur hans má nálgast á vefslóðinni <http://www.tif.is>.

Útvistun

- 12.7. Fossum er heimilt að fela félagi innan samstæðu Skaga eða þriðja aðila („útvistunaraðili“) að sjá um að veita þjónustu sem fellur undir skilmála þessa og tengd verkefni („útvistun þjónusta“), þ.m.t. vörslu fjármálagerninga viðskiptavinar og uppgjör.
- 12.8. Samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum skal skoðast sem skriflegt samþykki viðskiptavinar, skv. 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, fyrir miðlun upplýsinga sem tengjast útvistaðri þjónustu, skv. gr. 12.7. Umræddum upplýsingum verður miðlað í þeim tilgangi að útvistunaraðili geti sinnt útvistaðri þjónustu.



- 12.9. Viðskiptavinur samþykkir þannig að Fossum sé heimilt að nota þjónustu og varðveita fjármálagerninga og fjármuni viðskiptavinar hjá félagi innan samstæðu Skaga eða þriðja aðila, s.s. öðru fjármálafyrirtæki eða uppgjörsaðila, enda séu eignir viðskiptavinar varðveittar á sérstökum reikningi Fossa sem stofnaður er fyrir hönd viðskiptavinar eða á safnreikningi Fossa hjá þriðja aðila. Fossar bera ábyrgð á útvistuðum verkefnum. Að öðru leyti fer um ábyrgð Fossa vegna aðgerða eða aðgerðarleysis þriðja aðila samkvæmt lögum hverju sinni.

Safnskráning

- 12.10. Viðskiptavinur samþykkir að Fossum sé heimilt að varðveita fjármálagerninga viðskiptavinar á safnreikningi og taka við greiðslum fyrir hönd viðskiptavinar frá útgefendum fjármálagerninga. Viðskiptavinur samþykkir jafnframt að upplýsingar um safnskráningar og viðskiptavini séu varðveittar, þar á meðal breytingar á safnreikningum, að lágmarki í fimm ár frá því að viðskiptasambandi lýkur.
- 12.11. Viðskiptavinur staðfestir að honum sé kunnugt um að Fossum er skylt að veita Seðlabanka Íslands upplýsingar samkvæmt reglugerð um safnskráningu og varðveislu fjármálagerninga á safnreikningi.
- 12.12. Helstu réttaráhrif safnskráningar eru:
- 12.12.1. Fjármálagerningar sem skráðir eru á safnreikningi njóta ekki atkvæðisréttar á hluthafafundum.
- 12.12.2. Viðskiptavinur verður ekki skráður í hluthafaskrá viðkomandi félaga. Arður eða önnur réttindi sem koma frá félaginu fara inn á safnreikning Fossa og eru síðan skráð sem eign viðskiptavinar samkvæmt safnskrá Fossa.
- 12.12.3. Komi til þess að bú fjármálafyrirtækis sé tekið til gjaldþrotaskipta eða farið sé fram á greiðslustöðvun, slit fyrirtækisins eða sambærilegar ráðstafanir getur viðskiptavinur á grundvelli safnskráningarinnar tekið fjármálagerninga sína út af safnreikningi, enda sé ekki ágreiningur um eignarhald viðskiptavinarins. Ágreiningur um eignarhald getur hins vegar orðið til þess að réttindi tapast.

Viðskipti utan Evrópska efnahagssvæðisins

- 12.13. Viðskiptavinir Fossa kunna að óska eftir viðskiptum með fjármálagerninga sem skráðir eru utan Evrópska efnahagssvæðisins. Í slíkum tilvikum kunna eignir viðskiptavinar, hvort heldur sem eru á eigin reikningi viðskiptavinar eða safnreikningi Fossa, að falla undir löggjöf sem er utan lögsagnarumdæmis Evrópska efnahagssvæðisins sem getur leitt til annarrar réttarstöðu viðskiptavinar.

13. Tryggingar

- 13.1. Viðskiptavinur kann að vera krafinn um, og ber þá að leggja fram, tryggingar sem Fossar meta fullnægjandi til tryggingar skilvísium og skaðlausum greiðslum, hvort sem er vegna einstakra viðskipta, samninga eða allsherjartryggingu. Viðskiptavinur skuldbindur sig til að undirrita sérstakan handveðssamning, tryggingabréf, veðskjöl eða önnur sambærileg skjöl, sé farið fram á slíkt.
- 13.2. Þar sem markaðsverðmæti trygginga getur tekið fyrirvaralausum breytingum, einkum ef tryggingar hafa verið settar í formi fjármálagerninga, er viðskiptavini ljóst að endurmat getur



leitt til þess að krafist verði viðbótartrygginga. Setji Fossar fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptavinur verða við kröfu Fossa innan þriggja (3) bankadaga frá því Fossar hafa sett fram slíka kröfu. Breytingar á markaðsaðstæðum kunna á hinn bóginn að krefjast þess að skemmri frestur sé veittur og er Fossum því heimilt við slíkar aðstæður að setja skemmri frest, jafnvel krefjast trygginga samdægurs, eða stytta áður veittan frest.

- 13.3. Ef samningur kveður á um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar þannig að umsömdu lágmarki verði náð.

14. Þóknanir og gjöld

- 14.1. Fossar áskilja sér þóknanir og gjöld fyrir veitta þjónustu í samræmi við gjaldskrá Fossa eins og hún er á hverjum tíma eða eins og sérstaklega er samið á milli aðila. Viðskiptavinur staðfestir að hann hafi kynnt sér efni gjaldskrá og kostnaðarhandbókar Fossa, sem birtar eru á heimasíðu Fossa.
- 14.2. Fossum er einungis heimilt að greiða eða fá greidda þóknun frá þriðja aðila í tengslum við fjárfestingarþjónustu ef greiðslan er til þess fallin að auka gæði þjónustunnar, hún komi ekki í veg fyrir að félagið uppfylli skyldur sínar um að stafa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna og ef viðskiptavinur er upplýstur um greiðsluna.
- 14.3. Við veitingu eignastýringarþjónustu er Fossum einungis heimilt að taka við og halda eftir hvata frá þriðja aðila, ef um er að ræða minni háttar, ófjárhagslegan ávinning sem er til þess fallinn að efla gæði þjónustunnar, hann kemur ekki í veg fyrir að félagið uppfylli skyldur sínar um að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina sinna og ef viðskiptavinurinn er upplýstur um greiðsluna.

15. Skuldajöfnuður

- 15.1. Um skuldajöfnuð gildir eftirfarandi:
- 15.1.1. Fossar geta skuldajafnað öllum kröfum sínum á hendur viðskiptavini gagnvart sérhverjum kröfum viðskiptavinar vegna viðskiptasambands aðila. Skal þá gera upp hagnað og/eða tap aðila vegna viðskipta aðila í einu lagi og eingöngu mismunur koma til greiðslu, ef einhver er.
- 15.1.2. Ef skuldbindingar viðskiptavinar eru gjaldfelldar geta Fossar beitt skuldajöfnuði á kröfur samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig af öllum samningum verði gerðir upp í einu lagi og þannig mismunur til greiðslu ef einhver er.
- 15.2. Um uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umreikning, fer samkvæmt 11. gr.
- 15.3. Með samþykki skilmála þessara samþykkir viðskiptavinur að kominn sé á skriflegur samningur við Fossa í samræmi við 6. þátt laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga um að skyldur viðskiptavinar og Fossa samkvæmt samningum um afleiður, ef við á, skuli jafnast hver á móti annarri með skuldajöfnun, við endurnýjun, vanefnd, greiðslustöðvun,



nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti og að samningurinn skuli halda gildi sínu að fullu þrátt fyrir viðeigandi ákvæði laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl.

16. Vanefnd og gjaldfellingarheimildir

- 16.1. Vanefni viðskiptavinur skuldbindingar sínar verulega samkvæmt samningsskilmálum þessum, viðskiptum eða samningum gerðum á grundvelli þeirra að mati Fossa er Fossum heimilt, en ekki skylt, að selja fjármálagerninga í heild eða hluta, gjaldfella samninga aðila í heild eða hluta eða loka þeim fyrirvaralaust. Með gjaldfellingu er átt við að lokadagur samnings er færður fram á gjaldfellingardag.
- 16.2. Vanefni viðskiptavinur skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum, viðskiptum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli þeirra, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur tvo (2) bankadaga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd varð.
- 16.3. Neðangreind tilvik, án þess að um tæmandi talningu sé að ræða, skulu ávallt skoðast sem veruleg vanefnd á skyldum viðskiptavinar í framangreindum skilningi:
 - 16.3.1. Viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd innan tveggja (2) bankadaga, sbr. grein 16.2.
 - 16.3.2. Viðskiptavinur er í vanskilum við Fossa með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan tveggja (2) bankadaga frá því að vanskil hófust eða er ítrekað í vanskilum við Fossa.
 - 16.3.3. Viðskiptavinur sendir Fossum ekki staðfestingu á viðskiptum innan 7 daga frá dagsetningu hans eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
 - 16.3.4. Viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar eða viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. kafla 13.
 - 16.3.5. Viðskiptavinur er dæmdur til greiðslu peningaskuldar sem færð er í vanskilaskrá, gert er fjárnám hjá viðskiptavini, hann óskar eftir greiðslustöðvun, nauðasamningi eða samningum við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda í heild eða að hluta, lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar, lánveitandi bregst við greiðsluvanda viðskiptavinar með því að veita skuldbreytingalán, fresta greiðslum á lánum eða lengja lánstíma eða fjárhag viðskiptavinar er þannig háttað að verulegar líkur eru á því að hann muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða önnur atvik svipuð eða sambærileg þeim sem að framan greinir eiga sér stað.
 - 16.3.6. Viðskiptavinur vanrækir upplýsingaskyldur sínar samkvæmt skilmálum þessum eða veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar.
 - 16.3.7. Viðskiptavinur innir ekki greiðsluskyldu sína af hendi á uppgjörssdegi samnings eða fjármálagernings.
 - 16.3.8. Viðskiptavinur sannar ekki á sér deili með því að leggja fram þau skjöl og skilríki sem nauðsynleg eru, sbr. lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.



- 16.3.9. Tekin er ákvörðun um að viðskiptavinur, sem er lögaðili, sameinist öðru félagi eða félögum, að félaginu verði skipt upp, að tilgangi félagsins verði breytt eða að veruleg breyting verði á eignarhaldi félagsins. Viðskiptavinur skal tilkynna Fossum um slíka ákvörðun án tafar.
- 16.4. Séu skuldbindingar viðskiptavinar gjaldfelldar hafa Fossar fulla heimild til, án frekari fyrirvara, að leita fullnustu fyrir öllum kröfum sínum, á hvern þann hátt sem félagið kys, m.a. að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett. Er Fossum í sjálfvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem settar hafa verið eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.
- 16.5. Komi til þess að viðskiptavinur vanefni skyldur sínar við Fossa verulega samþykkir viðskiptavinur að Fossar hafi fullt og ótakmarkað umboð til að framselja fjármálagerninga viðskiptavinar, kvitta fyrir allar greiðslur og framkvæma allt það sem með þarf og Fossar álíta sér hagkvæmt. Verði þörf á frekari atbeina viðskiptavinar til að aðilaskipti að fjármálagerningum geti farið fram, t.d. með afhendingu hvers konar nauðsynlegra gagna, skuldbindur viðskiptavinur sig til að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því efni og sinni viðskiptavinur því ekki, er Fossum heimilt að leita aðstoðar sýslumanns og dómstóla til að láta framkvæma það, sem viðskiptavinur sinnir ekki.
- 16.6. Fossum er heimilt en ekki skylt að umreikna kröfur í erlendri mynt yfir í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11.00 á uppgjörssdegi.
- 16.7. Fjárhæð gjaldfelldrar eða gjaldfallinnar kröfu skal bera dráttarvexti í samræmi við ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga til greiðsludags. Hafi sérstaklega verið samið um dráttarvexti í samningi um viðskipti skulu ákvæði þess samnings ganga frammar framangreindu. Gildir einu hvort fjárhæð kröfu er í íslenskum krónum, erlendum myntum eða Fossar hafa ákveðið að umbreyta fjárhæðinni yfir í íslenskar krónur.
- 16.8. Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar á skyldum hans, skuldbindur viðskiptavinur sig til þess að greiða Fossum auk vaxta og/eða dráttarvaxta allan kostnað sem Fossar leggja út fyrir vegna vanefndanna, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða öðru er Fossum ber að greiða, svo og annan lögræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum, auk kostnaðar samkvæmt gjaldskrá.
- 16.9. Í þeim tilfellum þar sem framangreindar ráðstafanir duga ekki til að greiða allar kröfur Fossa gagnvart viðskiptavini, skuldbindur viðskiptavinur sig til að greiða að fullu allan mismun þeirra krafna sem ógreiddar eru.
- 17. Uppsögn**
- 17.1. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur vegna samninga sem gerðir eru grundvelli þessara skilmála eru 14 dagar, nema um annað sé sérstaklega verið samið, og telst frá þeim degi sem uppsögn berst gagnaðila með sannanlegum hætti.
- 17.2. Um tilhögun, ástæður og afleiðingar uppsagnar vísast til almennra viðskiptaskilmála Fossa og gilda ákvæði þeirra um lok samningssambands óskert samkvæmt skilmálum þessum.



18. Skattar

- 18.1. Viðskiptavinur skal greiða öll opinber gjöld eða skatta sem lögð kunna að vera á samning, greiðslur samkvæmt honum eða einstök viðskipti, Fossum að skaðlausu.
- 18.2. Þegar viðskipti eru framkvæmd erlendis kann Fossum að vera skylt að halda eftir fjármunum vegna staðgreiðslu skatta og annarra gjalda. Hið sama kann að eiga við þegar viðskipti eru framkvæmd á Íslandi fyrir erlenda viðskiptavini.
- 18.3. Í þeim tilvikum sem Fossum ber að innheimta skatta eða opinber gjöld af viðskiptavini skal bankanum heimilt að standa skil á slíkum gjöldum með skuldfærslu á reikningi viðskiptavinar, og, eftir því sem þörf er á, með sölu þeirra eigna sem standa til tryggingar fyrir viðskiptum viðskiptavinar hjá Fossum. Þá ræðst skattaleg meðferð á aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni.

19. Ábyrgð

- 19.1. Um ábyrgð Fossa á tjóni viðskiptavinar vísast til almennra viðskiptaskilmála Fossa og ákvæði einstakra samninga. Hér að neðan er þó kveðið á um ábyrgð Fossa á tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir í tengslum við fjárfestingaþjónustu.
- 19.1.1. Þar sem markaðsaðstæður geta breyst hratt á skömmum tíma geta Fossar ekki ábyrgst að unnt sé að afgangið fyrirmæli viðskiptavinar um gerð samnings eða viðskipta á umbeðnu gengi. Af því leiðir að Fossar ábyrgjast ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk, nema samið sé sérstaklega um slíkt með þeim sérstöku og almennu fyrirvörum sem kunna að gilda hverju sinni. Það er því alfarið á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Fossa.
- 19.1.2. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða fyrir ef skattur sem taka á af viðskiptavini er ekki tekinn eða ranglega tekinn. Verði lagður skattur og/eða opinber gjöld á samning eða einstök viðskipti sem falla undir skilmála þessa skal viðskiptavinur greiða þau viðbótargjöld.
- 19.1.3. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi er viðskiptavinur kann að verða fyrir sem orsakast beint eða óbeint vegna bilunar í tækjum eða tölvubúnaði Fossa eða af öðrum hliðstæðum orsökum, t.d. við notkun á póstkferfi, síma, eða tölvupósti. Þá eru Fossar ekki ábyrgir fyrir tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint vegna upplýsinga eða aðgerða þriðja aðila.
- 19.1.4. Fossar eru undanþegnir ábyrgð á tjóni viðskiptavina sem stafar af óviðráðanlegum atvikum (e. *force majeure*), þar á meðal vegna stríðs eða yfirvofandi stríðsátaka, náttúruhamfara, verkfalla, lokunar landamæra, farsóttu, viðskipta- og hafnarbanns eða annarra sambærilegra atvika. Verði veruleg breyting á viðskiptakjörum Fossa vegna atvika sem honum verður ekki kennt um, svo sem vegna breytinga á lánamörkuðum, ákvarðana stjórnvalda eða annarra óviðráðanlegra atvika, þannig að Fossum verði ómögulegt að afla lánsfjár til fjármögnunar á viðskiptum með fjármálagerninga eða samningum, sem undir skilmála þessa falla, á sambærilegum kjörum og gengið var út frá við samningsgerð, geta Fossar, að undangenginni tilkynningu til viðskiptavinar gjaldfellt eftirstöðvar lána eða fært lokadag samnings



fram með sjö (7) daga fyrirvara. Sama gildir verði verulegar breytingar til hins verra á viðskiptakjörum ríkissjóðs á erlendum lánamörkuðum.

- 19.1.5. Fossar bera ekki ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni eða tapi sem stafar af atburðum sem eru stjórnmálalegs, félagslegs, fjármálalegs eða efnahagslegs eðlis og eru líkleg til að koma í veg fyrir, rjúfa eða trufla að hluta eða öllu leyti þá þjónustu er Fossar veita, jafnvel þó að slíkir atburðir flokkist ekki undir óviðráðanleg atvik.
- 19.1.6. Þá bera Fossar ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja fjármálagerninga þá eða gjaldeyri er viðskiptavinur hefur óskað kaupa eða sölu á, á því verðbili er viðskiptavinur hefur óskað eftir.
- 19.1.7. Fossar ábyrgjast ekki réttar efndir samninga af hálfu gagnaðila, sem bankinn gerir fyrir viðskiptavin, óháð því hvort samningur hefur verið gerður í nafni Fossa einvörðungu, eða fyrir hönd viðskiptavinar.
- 19.1.8. Hvorki Fossar, stjórnarmenn, stjórnendur eða aðrir starfsmenn fyrirtækisins né umboðsmenn þess bera ábyrgð á tjóni, kostnaði eða útgjöldum, sem viðskiptavinur verður fyrir vegna viðskipta eða samninga sem stofnað er til á grundvelli þessara skilmála, nema slíkt sé beinlínis til komið vegna stórkostlegs gáleysis eða ásetnings. Ábyrgð nær ekki undir neinum kringumstæðum yfir óbeint tjón viðskiptavinar, svo sem tap sem viðskiptavinur eða þriðji aðili verður fyrir vegna taps af hagnaði eða tapi á viðskiptavild eða tapi á viðskiptatækifærum sem upp koma eða til verða í tengslum við skilmála þessa, hvort sem er vegna vanrækslu, samningsbrots, villandi upplýsinga eða öðrum orsökum.

20. Breytingar á skilmálunum

- 20.1. Fossum er heimilt að fella skilmála þessa úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara þegar uppfærðir skilmálar eru birtir á heimasíðu Fossa (www.fossar.is). Haldi viðskiptavinur áfram viðskiptum við Fossa eða nýtir sér þjónustu bankans með einhverjum hætti eftir gildistöku slíkra breytinga telst viðskiptavinur hafa samþykkt breytingarnar. Viðskiptavinur samþykkir að allar breytingar á skilmálum bankans verði birtar á heimasíðu bankans, www.fossar.is, nema samkvæmt lagaskyldu eða þegar um annað hefur verið samið. Sætti viðskiptavinur sig ekki við breytingu á skilmálum getur hann sagt upp viðskiptum sínum við bankann í samræmi við skilmála þessa.
- 20.2. Allar upplýsingar til viðskiptavina eru veittar á rafrænu formi. Almennir fjárfestar geta óskað sérstaklega eftir því að fá upplýsingar á pappírformi þeim að kostnaðarlausu.
- 20.3. Skilmálar þessir eru staðlaðir og almennt er ekki vikið frá þeim vegna einstakra viðskiptavina. Hvers konar áritanir, útstrikanir, viðbætur eða aðrar breytingar, sem viðskiptavinur kann að gera einhliða á skilmálunum, hafa ekkert gildi gagnvart Fossum.

21. Ýmis ákvæði

- 21.1. Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum. Komi upp ágreiningur við túlkun skilmála þessara eða samninga gerða á grundvelli þeirra skal dómsmál um ágreininginn rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Viðskiptavini er ljóst að honum



er heimilt að skjóta ágreiningi til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Nánari upplýsingar um nefndina og málskot til hennar má finna á www.nefndir.is.

- 21.2. Skilmálum þessum er ekki ætlað að veita viðurkenndum gagnaðilum og fagfjárfestum ríkari vernd en þeim er veitt samkvæmt lögum og reglum. Í þeim tilvikum þar sem samningsskilmálar þessir ganga lengra en sú vernd sem þess konar viðskiptavinum er veitt samkvæmt lögum og reglum, skulu ákvæði laga og reglna gilda.
- 21.3. Með samþykki skilmála þessara staðfestir viðskiptavinur að hann hafi kynnt sér reglur Fossa um bestu framkvæmd viðskiptafyrirmæla og samþykkir að sú stefna og það ferli sem þar er sett fram verði lagt til grundvallar í viðskiptum aðila. Viðskiptavinur samþykkir sérstaklega að Fossum er heimilt að framkvæma viðskiptafyrirmæli utan viðskiptastaðar nema annað hafi verið tekið fram. Viðskiptavinur samþykkir jafnframt að honum er kunnugt um að með því að mæla fyrir um sérstaka framkvæmd viðskiptafyrirmæla eru líkur á því að besta framkvæmd náist ekki. Viðskiptavinur staðfestir jafnframt að hafa kynnt sér reglur Fossa um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum og yfirlit Fossa um áhættu vegna markaðsviðskipta og sé samþykkur því sem þar kemur fram. Framangreindar reglur og yfirlit er að finna á heimasíðu Fossa, www.fossar.is.
- 21.4. Viðskiptavinur getur ekki framselt réttindi sín eða skyldur samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem gerðir eru á grundvelli hans nema með skriflegu samþykki Fossa. Fossum er heimilt að framselja réttindi sín og skyldur samkvæmt samningi þessum í heild eða að hluta til félags í samstæðu Skaga eða þriðja aðila, þ.m.t. annars fjármálafyrirtækis í skilningi laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við þær aðstæður og í þeim tilgangi er Fossum heimilt að afhenda skilmála þessa og aðra samninga milli aðila og litið skal svo á að með samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum séu uppfyllt skilyrði 60. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki um skriflegt samþykki viðskiptavinar á miðlun upplýsinga sem njóta trúnaðar samkvæmt þeim lögum.